

Bæjarstjórn og Bæjarstjóri Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	03.07.2018
Málalykill	09.33
Mál nr.	1606329

Garðabæ 24. júní 2018

Varðar mál nr. 1606329

Við Hleinabúar viljum óska ykkur til hamingju með sigurinn í nýafstöðnum kosningum með von um góða og réttláta samvinnu.

Í Garðapóstinum 7. júní er sumarkveðja frá ykkur til okkar Garðbæinga, fullt af fögrum fyrirheitum svo sem: „...hagsmuni allra bæjarbúa að leiðarljósi...“, „...auðmýkt og þjónustulund...“, „...virku samtali við íbúa...“. Við lestur greinarinnar fyllumst við bjartsýni og viljum trúa því að framtíðarsýn stjórnarinnar sé meira en orðin tóm. Tilfni þess að þetta bréf er skrifað er fyrirhuguð lokun Herjólsbrautar sem er okkur íbúum og öðrum vegfarendum er nota þennan veg mikið áhyggjuefni. Hvar er auðmýktin eða mennskan?

Þann 4. janúar 2018 áttum við Þórður Adolfsson góðan fund með Gunnar Einarssyni bæjarstjóra þar sem við komum áhyggjum okkar bæjarbúa enn einu sinni á framfæri. Við lifum í voninni um að með ykkar stjórnkænsku og góðum hug til okkar Hleinabúa munu þið falla frá þessari óréttlátu ákvörðun. Gengi það eftir mun það fylla okkur eldri borgara auðmýkt og vellíðan að loks lyki þessu leiðinda karki sem hefir staðið yfir frá 5. desember 2015.

Hjálagt er bréf sem ég lagði fyrir Gunnar Einarsson á fyrirnefndum fundi okkar. Gunnari þótti ekki ástæða til að bæjarstjórn bærisk það þar sem efni þess höfðaði ekki til stjórnar. Þess í stað lofaði Gunnar að senda Sigurði Hafliðasyni beiðni um lagfæringar. Sigurður hefur ekki móttengið bréf vegna þessa og sé ég mig því tilneyddan til að láta það hér með.

Með vinsemd,



Gunnar H. Jónsson

Naustahleinn 8

Minnisblað

Hve oft hafa orðið óhöpp eða slysa á þeim vegarspotta að Herjólfstraum sem Prýðisfólk lætur hafa eftir sér að sé lífshættulegur t.d síðast liðin 5 ár? Væri ekki ráð að loka gamla veginum frá Herjólfstraum að Garðaholtssvegi því reynslan er sú að margur ökumaðurinn ekur þann veg án hraðatakmarkana og slær ekki af fyrir en komið er að hringtorgi, enda á ekki að vera þörf á þeim kafla lengur. Ég sé fyrir mér að þeir sem erindi eiga t.d. í Garðakirkju aki þá um nýja veginn.

Naustahleini: Þar sem loftsvæðisframtak starfsmanna Áhaldahússins með 30 km merkingu í götunni virðist lítil áhrif hafa á marga ökumenn vaknar sú spurning hvort ekki sé komist hjá að setja upp hindranir í götuna þó það sé ekki ákjósanlegt. Þá á ég við upphækkunar, ekki þrengingar. Brunahanar voru grunnaðir gráir fyrir einum 6 eða 7 árum síðan af starfsmanni Hafnarfjarðarbæjar og hefi ég nauðað í Sigurður Hafliðasyni þeim góða dreng að fá hanana málaða í Garðabæjarlit en það er ógert enn og eru þeir ekkert augnayndi bláir-gráir – og brúnir af ryði.

Í haust hét ég mér því að taka verkið að mér og mála þá gula og rauða að vori komanda.

Gagnaveita Reykjavíkur og Ljósleiðarinn rufu hér gangstéttar til að koma fyrir lögnum í þeim endilöngum. Frágangur á hellunum er óásættanlegur og verður ekki hjá því komist að taka þær upp og bæta sandi undir svo þær leggjast lágréttar. Spurningin er, þar sem stéttarnar eru eign Garðabæjar gætuð þið þá látið gera úttekt á frágangi stéttanna og haft samband við verktaka um lagfæringu. Þetta á við báðar göturnar.

Upp kom sú hugmynd um áramótin á fundi að við snérum okkur til Fréttablaðsins og legðum fyrir þá samskipti okkar við bæjarstjórn, þar sem okkur sveið undan lýsingu Prýðisfólksins á þessum „lífshættulega“ vegarkafli sem væri slík að börn gætu ekki verið úti að leik. Svo háttar til að hjólræðastígur er meðfram veginum og verð ég ekki var við annað en að hann nýtist vel þótt sumir hjólræðakappar telji lífshættulega veginn öruggari. Prýðisfólk þarf að setta sig við að fleiri eigi að njóta réttlátrar meðferðar sinna mála en þeir.

Gera þarf úrbætur á rotþróum, það er hvorki hollt né heimilislegt að búa við það að við viss veðurskilyrði gjósi upp „skítalykt“ úr niðurföllum innanhúss, en við það höfum við mátt búa í 17 ár. Ekki hefur verið ráðin bót á þrátt fyrir kvartanir. Athugið að ekki er nóg athuga málin og setja þau í nefnd. Látið verkin tala. Mat okkar Garðabæinga á á ykkar störfum þarf að byggja á trausti.

Að lokum þakka ég fyrir hönd Hleinabúa Sigurði Hafliðasyni og hans fólki fyrir góða þjónustu og einstaka þjónustulund.

4.janúar 2018

Gunnar H. Jónsson